

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, lagði hornstein að Fljótsdalsstöð Kárahnjúkavirkjunar í gærðag að viðstöddu fjölmenni

Virkjun til 200 ára hið minnsta



Yfir fjögur hundruð gestir voru viðstaddir athöfnina í stöðvarhússhvelfingunni í gær og komu 180 manns með þotu til Egilsstaða um morguninn. — Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

Kárahnjúkavirkjun er vissulega umdeild framkvæmd en sagan ein mun fella hinn endanlega dóm, sagði stjórnarformaður Landsvirkjunar við lagningu hornsteins aflstöðvar virkjunarinnar í gær.

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, lagði í gærðag ásamt sex skólabörnum hornstein að stöðvarhúsi Kárahnjúkavirkjunar í Valbjófsstaðarfjalli í Fljótsdal, sem gefið hefur verið nafnið Fljótsdalsstöð. Um fjögur hundruð gestir voru viðstaddir athöfnina, þ.á m. ráðherrar, þingmenn, yfirmenn Landsvirkjunar og verktaka hennar og sveitarstjórnarmenn af Austurlandi.

180 manns komu með Flugleiðapotu til Egilsstaða í gærmorgun og hófu daginn eystra á skoðunarferð um Kárahnjúkasvæðið í köldu éljaveðri og snæddu hádegisverð í vinnubúðunum þar. Er komið var á láglandi um miðjan dag var gestum ekið í rútum inn í Valbjófsstaðarfjall, þar sem Landsvirkjunarkórinn og Kammerkór Austurlands sungu í ljósum skrýddri stöðvarhússhvelfingunni.

Fékk nafnið Fljótsdalsstöð

Ávörp fluttu Jóhannes Geir Sigurgeirsson, stjórnarformaður Landsvirkjunar, Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og forstjóri Landsvirkjunar, Friðrik Sophusson, sem lýsti framkvæmdinni frá upphafi. Þá tilkynnti Gunnþórunn Ingólfssdóttir, oddviti Fljótsdalshrepps, nafn stöðvarinnar; Fljótsdalsstöð.

"Fáar framkvæmdir síðari ára hafa verið meira í umræðunni en þessi virkjun," sagði Jóhannes Geir í ræðu sinni. "Vissulega er framkvæmdin umdeild, en það verður hins vegar sagan ein sem fellir hinn endanlega dóm." Jóhannes Geir sagðist fullyrða að miðað við aurburð og lónfyllingu í Háslóni væri virkjunin byggð til 200 ára. "Virkjunin getur framleitt rafmagn á arðbæran hátt hið minnsta í þann tíma" sagði hann.

Ólafur Ragnar Grímsson lagði hornstein að stöðvarhúsinu, með aðstoð sex skólabarna og hafði hornsteinninn að geyma lýsingu virkjunarinnar, mótmælaskjal virkjunarandstæðinga og verðlaunaverkefni barnanna í samkeppni Landsvirkjunar um orkuverkefni grunnskólabarna. Nokkra athygli vakti að forsetinn ávarpaði ekki samkomuna. Sr. Lára G. Oddsdóttir, sóknarprestur á Valbjófsstað, blessaði þessu næst staðinn og bað sérstaklega fyrir þeim sem vinna og hafa unnið við byggingu Kárahnjúkavirkjunar og aðstandendum þeirra þriggja manna sem látist hafa við framkvæmdina.

Að athöfninni í hvelfingunni lokinni héldu gestir niður í Egilsstaði þar sem boðið var til móttöku í Íþróttamiðstöðinni. Eiríkur Bj. Björgvinsson flutti þar ávarp f.h. heimamanna og Karlakór Reykjavíkur ásamt austfirskum tónlistarnemum skemmtu viðstöddum.

Margt býr í blýinu

Hornsteinninn sem forseti Íslands lagði að aflstöð Kárahnjúkavirkjunar í gær innihélt meira en teikningar að virkjuninni og sögu hennar, ásamt mótmælaskjali virkjunarandstæðinga. Í blýhólknúnum er einnig að finna verkefni þriggja nemenda sem tóku þátt í raforkuverkefni á vegum Landsvirkjunar. Jafnframt var hannað sérstakt blýgeisladiskasliður undir geisladisk og USB-lykil með verkefnum annarra þriggja nemenda. Eftir að forsetinn hafði steipt fyrir var komið fyrir koparskildi þar sem fram kemur að hann, ásamt sex nafngreindum börnum, hafi lagt hornstein að aflstöðinni. "Landsvirkjun hefur á undanförmum árum stutt viðleitni skólamanna til að efla kennslu um orku og orkumál í skólum landsins," sagði Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar. "Sí. haust fór fyrirtækið af stað með samkeppni grunnskólanema við úrlausn á verkefnum um raforku. Við fengum rithöfundinn Yrsu Sigurðardóttur, sem jafnframt er verkfræðingur við Kárahnjúka, til liðs við þetta framtak. Hún skrifaði stutta sögu fyrir yngstu nemendurna um Rabba rafeind en verkefni þeirra var að myndskreyta söguna. Eldri nemendur grunnskólans gátu fengist við margvísleg verkefni um raforku og Kárahnjúkavirkjun. Sex krakkar sem skiluðu frábærum úrlausnum í samkeppnina og aðstoðuðu forseta Íslands við að leggja hornstein að aflstöðinni í gær. Þau eru Alfreð Steinn Gestsson, 8 ára, og Sigurbjörg Sigurðardóttir, 9 ára, úr Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar og teiknuðu myndir við söguna af Rabba rafeind, Fríða Theodórsdóttir 11 ára úr Klébergsskóla, sem bjó til líkan af Kárahnjúkavirkjun í fjörunni heima hjá sér og tók af því myndir fyrir veggspjald sem lýsir virkjuninni. Loks eru það Guðrún Ólafsdóttir, Magnús Michael Plank og Sindri Snær Einarsson en þau eru 14 ára nemendur úr Álftamýrarskóla og unnu frábær verkefni í tölvufræði sem felast í rafrænni kynningu á orkumálum."

Þorsteinn segir Landsvirkjun hafa borist skemmtileg og vel unnin verkefni fjölda nemenda víðs vegar að af landinu. Þórána Rósa Ólafsdóttir kennari valdi verkefni nemendanna sex úr innsendum lausnum.

Eftir Svavar Knút Kristinsson

svavar@mbl.is

Náttúruunnendur harma hornstein

RÚMLEGA þrjú hundruð manns komu saman á Austurvelli í gær til að mótmæla lagningu hornsteins að stöðvarhúsi virkjunarinnar í Valbjófsstaðarfjalli í Fljótsdal. Mikill hugur var í viðstöddum og báru fjölmargir viðstaddir skilti þar sem beðist var undan frekari uppbyggingu stóriðju. Meðal slagorða á skiltum viðstaddra voru "Dam Nation" og "Íslands Ósómi, skömm - smán".

Við upphaf mótmælanna fluttu ungir blásarar ættjarðarlög, en að því loknu voru flutt ljóð um náttúru landsins, en þau lásu m.a. Margrét Vilhjálmsdóttir og Guðrún Ásmundsdóttir leikkonur. Þá las Kolbrún Halldórsdóttir upp yfirlýsingu náttúruunnenda, sem lögð var í hornstein Kárahnjúkavirkjunar, þar sem m.a. kemur fram að landið sem sökkt var hafi verið bæði fjölbreytt og fágætt á landsvísu og heimsvísu, en þar væri að finna einstæðar jarðmyndanir, fossa og flúðir og heimkynni hreindýra, gæsa, fálka og fleiri fuglategunda. Yfirvöld á Íslandi hafi kerfisbundið

komið í veg fyrir að náttúruspjöllin fyrir ofan Kárahnjúka yrðu lýðum ljós og þannig komið í veg fyrir upplýsta ákvörðun þjóðarinnar. Kárahnjúkavirkjun sé aðeins hluti af gömlu markmiði sem beinist að því að gera Ísland að stærstu álbræðslu í heimi.

Rithöfundurinn Andri Snær Magnason flutti einnig hugvekju við mótmælin og sagði m.a. undarlegt að hlutdeild útgerðanna í auðlindum þjóðarinnar væri takmörkuð en að álfyrirtækin hefðu óheftan aðgang að þeim. Þannig yrðu álfyrirtækin brátt stærsta valdið á landinu, ef ekkert yrði að gert.

Á mótmælafundinum var látins félaga einnig minnst en dr. Stefán Karlsson var jarðsunginn í Neskirkju á sama tíma og voru margir andstæðingar Kárahnjúkavirkjunarinnar viðstaddir útförina.

Undir lok mótmælanna sungu viðstaddir saman og var ítrekuð sú ósk að hér yrði staðar numið við byggingar ósjálfbærra virkjana á Íslandi.